

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2016
Tilvísun ÞÍ: 2016031925/5.13.0

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands, 102. mál.

Vísað er til tillögu til þingsályktunar, þingskjal 102. mál, sem birt er á vefsíðu Alþingis. Þar er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi starfshóp til að móta og setja fram stefnu stjórnvalda um flokkun og vernd ræktunarlands og fylgi henni eftir með áætlun um skráningu ræktunarlands og verndar- og varðveisluráðstafanir.

Í tillögunni kemur eftirfarandi fram:

„Skráning og birting upplýsinga um ræktunarland.

Enda þótt ekki séu aðgengilegar nægilega ítarlegar upplýsingar um stærð og staðsetningu ræktunarlands á Íslandi hefur verið aflað mikilvægrar vitneskju um gerð, flokkun og útbreiðslu jarðvegs þar sem alþjóðlegum flokkunarreglum hefur verið beitt og á grundvelli þessa hefur verið gert stafrænt íslenskt jarðvegskort. Í fyrstu var þetta kort hluti af verkefninu Nytjaland á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands¹⁶ en gagnagrunnurinn sem það byggðist á var fluttur til Fasteignamats ríkisins og þaðan til Þjóðskrár Íslands með samruna stofnananna 1. júlí 2010, sbr. lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum, en efnið er ekki aðgengilegt í vefgátt á heimasíðu Þjóðskrár Íslands.“

Vakin er athygli á því að það sem fram kemur í undirstrikaða textanum hér að ofan er ekki rétt og tengist ekki skráningu ræktunarlands. Nytjalandsverkefnið skiptist í tvo hluta. Annarsvegar var safnað upplýsingum fyrir gróðurkort en hinsvegar var legu og afmörkun jarða safnað í samstarfi við ýmsa aðila og hlutaðeigandi landeigendur. Sá hluti Nytjaland sem fór til Fasteignamats ríkisins (nú Þjóðskrár Íslands) var einungis upplýsingar um legu jarða og hefur ekkert með gróður eða jarðvegskort að gera enda urðu þær upplýsingar eftir hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (áður RALA).

Upplýsingum um legu og afmörkun jarða samkvæmt Nytjalandsverkefninu hefur ekki verið miðlað af Fasteignamati ríkisins né síðar af Þjóðskrár Íslands á opnum vef vegna ýmissa galla sem á gögnunum eru. Eignamörkin eru ónákvæm og villandi og eigindaskráning ófullnægjandi. Hins vegar hefur gróðurkort Nýtjaland verið miðlað á vef Landbúnaðarháskólans síðastliðinn áratug eða svo og má nálgast hér: <http://nytjaland.is>



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

F.h. Þjóðskrár Íslands


Björg Finnbogadóttir
Lögfræðingur